

# 78 myndir eftir íslenzka listamenn fara á norræna sýningu í Gautaborg

19 íslenzkir listamenn eiga verk á hinna veglegu sýningu

Þann 12. október næstkomandi verður opnuð í Gautaborg norræn listasýning og senda 19 íslenzkir listamenn 78 verk á sýninguna og hafa þeir til umráða 65 lengdar-metra til uppsetningar. Verkin verða send út einhvern næstu daga með flugvél.

Það var liflegt um að litast í Listamannaskálanum í gær, er verið var að ganga frá verkum þeim, sem á sýninguna eiga að fara.

Félagarnir í Félagi íslenzkra myndlistarmanna er sjá um undirbúning sýningarinnar eru þeir Þorvaldur Skúlason, Svavar Guðnason, Sigurður Sigurðsson, Sverrir Haraldsson, Jóhannes Jóhannesson, Ásmundur Sveinsson, Sigurjón Ólafsson og Magnús Arnason. Flestir þeirra voru þarna viðstaddir að fylgja myndunum úr hlaði, en það er að sjálfsögðu mikið verk að búa svo um myndirnar, að engin hætta sé á skemmdum af völdum flutnings.

Þarna voru fimm nýjar myndir eftir Kjarval og var á þeim dálítið annað handbragð en maður á að venjast, feikna-stór mynd eftir Gunnlaug Scheving vakti óðara athygli manns: bóndi og kona hans sitjandi með telpu á hnám sér og kú úti í náttúrunni, sterk mynd í litum og formi. Kristján Davíðsson átti þarna 5 glettnar mannamyndir; fjórar af kunnnum mönnum hérlendum og ein er heitir „The stupid intellectual“.

Myndir eftir Sverri Haraldsson og Hjörleif Sigurðsson höfðu verið settar saman, mjög ólíkar þótt þær séu allar abstrakt — Valtýr Pétursson átti þarna 5 abstraktmyndir í mós-aik, skemmtilegar myndir. Myndirnar eftir Snorra Arinbjarnar voru fyrir enda salarins og létu ekki mikið yfir sér, en alltaf leit maður á þær aftur og aftur — eitthvað svo mjúkar og tilfinninganæmar

myndir. Og maður fær þá tilfinningu að þessar myndir hljóti allsstaðar að vekja athygli.



Hér eru tveir þeirra er sjá um undirbúning sýningarinnar hér, Jóhannes Jóhannesson og Sigurður Sigurðsson, þar sem þeir eru að skoða hvernig gríðarstór mynd eftir Gunnlaug Scheving fer í ramma. (Ljós. Sig. Guðm.)

Þarna voru og aðrar ágætar myndir eftir Braga Ásgeirsson, Karl Kvaran og Veturlíða. Einnig eiga eftirtaldir listamenn myndir er ekki voru þarna sjáanlegar: Júlíana Sveinsdóttir, Nína Tryggvadóttir, Barbara Árnadóttir Jón Engilberts og Ásgerður Búadóttir. — Högg-

myndir á sýninguna senda Sigurjón Ólafsson, Ásmundur Sveinsson og bræðurnir Jón og Benedikt Guðmundssynir. Norræna listastefnan stendur fyrir þessari sýningu og eru þær haldnar annaðhvert ár og mun næsta sýning verða haldin hér í Reykjavík 1959. Sýningin

hefst 12. október og mun standa yfir í mánuð. Þess má geta að engin sérstök Íslandsdeild verður á sýningunni heldur verður öllum myndunum raðað saman eftir stefnum. Ekki er enn ráðið hver verður valinn sem fulltrúi myndlistarmanna á þessa sýningu.

## Afskiptaleysi Eisenhowers af kynþáttadeilunum gagnrýnt

Ófriðlegt enn í Nashville í Tennessee, ótti við að óeirðirnar breiðist út

Eisenhower Bandaríkjaforseti sætir nú mikilli gagnrýni í bandarískum blöðum fyrir afskiptaleysi sitt af kynþáttadeilunum í suðurfylkjunum, sem stöðugt verða alvarlegri. Mikil hætta er talin á að óeirðirnar vegna skólagöngu blökkubarna við hlið hvíttra muni breiðast út, ef stjórnarvöldin í Washington grípa ekki í taumana.

Aðalritstjórnargrein New York Times í gær fjallaði um kynþáttadeilurnar og komst blaðið m. a. svo að orði, að þetta vandamál væri svo flókið og alvarlegt, að bandaríska þjóðin og einnig aðrar þjóðir heims ættu heimtingu á að forseti Bandaríkjanna segði skýrt og afdráttarlaust hver væri afstaða hans til málsins, í stað þess að láta sér nægja loðnar yfirlýsingar blaðafulltrúa síns.

### Handtökur í Nashville

Um 40 menn hafa verið handteknir í Nashville í Tennessee eftir óeirðirnar sem þar urðu þegar blökkubörn hugðust neyta réttar síns til að sitja á skólabekk með börnum hvíttra manna. Það var í Nashville að hluti af barnaskólabyggingu eyðilagðist, þegar sprenging varð í kjallara hússins skömmu eftir að blökkubörnum hafði verið hleypt inn í skólann.

Meðal hinna handteknu er maður að nafni John Caspar, sem hefur verið einn helzti for-

sprakkinn í kynþáttahaturssamtökum hvíttra manna í suðurfylkjunum.

### Einnig í Kentucky

Fréttir frá Little Rock, höfuðborg Arkansasfylkis, þar sem fjölmennar sveitir úr þjóðvarnarliði fylkisins hafa nú á aðra viku haldið vörð um gagnfræðaskólann til að meina svertingja-börnum að komast í hann, hermuð í gær, að allt væri þar með kyrrum kjörum.

Frá borginni Sturgis í Kentuckyfylki, þar sem miklar kynþáttaóeirðir urðu í fyrrahaust, berast hins vegar þær fréttir að fjölmennir lögreglulið hafi orðið að ryðja börnum blökkumannna braut í skóla.

Aðeins 30 af hundraði skólaskyldra barna voru í skólum Nashville í gær og af þeim voru aðeins 10 börn blökkumannna.

Davis, sambandsdómari í Arkansas, hefur stefnt Faubus fylkisstjóra, yfirmanni þjóðvarnarliðsins í fylkinu og ein-

# Þjóðviljinn

Fimmtudagur 12. september 1957 — 22. árgangur — 204. tölub.

## Páfi vill siðbæta útvarp, sjónvarp og kvikmyndir

Hvetur í hirðisbréfi alla kaþólska biskupa til að standa þar vel á verði

Píus páfi hefur nú sent öllum biskupum rómversk-kaþólsku kirkjunnar hirðisbréf þar sem hann býður þeim að stofna til samtaka til að koma í veg fyrir siðspillandi áhrif útvarps, sjónvarps og kvikmynda.

Páfi segir í hirðisbréfi sínu að brýna nauðsyn beri til þess að komið sé á fót slíkum samtökum, bæði meðal einstakra þjóða og á alþjóðavettvangi, til að gæta kristlegs siðgæðis. „Alveg eins og mikill ávinningur getur verið að hinum dásamlegu framförum sem orð-

id hafa í kvikmyndum, útvarpi og sjónvarpi, geta þær haft miklar hættur í för með sér.“ Með þessum nýju tækjum má hafa gifurleg áhrif á hugi manna, segir páfi, en þau áhrif geta bæði verið til góðs eða illa, eftir því hvernig á er haldið.

## Fundi Gomulka og Títós í Belgrad fagnað í Moskva

Yfirlýsingu Títós um Oder-Neisse landamærin illa tekið af ráðamönnum í Bonn

Fréttaritari frönsku fréttastofunnar AFP í Moskva skýrir svo frá að ráðamenn þar eystra fagni mjög viðræðum þeirra Títós og Gomulka, sem hófust í Belgrad í gær.

Fréttaritarinn segir að það sé fjarri því að sovétkir ráðamenn hafi nokkuð á móti því

að Pólland og Júgóslavía tengist traustari böndum, þeir telji það þvert á móti munu efla eininguna meðal allra sósíalískra ríkja.

### Óánægja í Bonn

Þeirri yfirlýsingu Títós forseta í veizlu sem hann hélt Pólverjunum í fyrrakvöld, að Júgóslavar álitu vesturlandamæri Póllands meðfram ánum Oder og Neisse endanleg, hefur verið illa tekið í Bonn, höfuðborg Vestur-Þýskalands.

Von Hallstein utanríkisráðherra vesturþýzku stjórnarinnar kallaði sendiherra Júgóslavíu á sinn fund í gær og bað hann um nánari skýringu á þessari yfirlýsingu Títós. Sjálfur lýsti von Hallstein yfir því að vesturþýzka stjórnin myndi hvorki nú né nokkru sinni fallast á Oder-Neisse landamærin sem endanleg.

### Haldið áfram í Brioni

Þeir Gomulka, Cyrankiewicz forsætisráðherra, Ochab landbúnaðarráðherra og fylgdarlið þeirra fóru til borgarinnar Ljubljana að loknum viðræðunum við Tító í gær. Viðræðunum verður haldið áfram í dag í Brioni á strönd Adríahafs.

## Bakaraverkfall í Frakklandi

Bakarar í öllu Frakklandi hófu í gær tveggja sólarhringa verkfall til að mótmæla þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að banna verðhækkanir á brauði. Fréttamenn segja þó að víða í París a. m. k. hafi bakarar selt viðskiptavinum sínum brauð út um bakdyrnar á því verði sem ríkisstjórnin hefur ákveðið.

## Fulltrúar á þingi SP

12. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefst í New York 17. þ. m. Fulltrúar Íslands á þinginu hafa verið skipaðir Thor Thors, ambassador og Þórarinn Þórarinnsson, ritstjóri. Utanríkisráðherra Guðmundur Í. Guðmundsson mun verða viðstaddur opnun þingsins og sækja fundi þess fyrst framan af. — (Frá utanríkisráðuneytinu.)

## Stærsta hafnargerðarsteinkerið steipt á Akranesi

Í fyrradag var sjósett á Akranesi stærsta steinker, sem steipt hefur verið hér á landi.

Steinker þetta er 12,5x18 metrar að flatarmáli og 4,5 m á hæð, eða liðlega þúsund rúm-metrar. Verður það notað við lengingu Bátabyrggjunnar sva-nefndu ásamt tveim öðrum steinkurum. Var annað þeirra

steipt í fyrra, en á hinu verður byrjað bráðlega í dráttarbrautinni.

Enn er mikil vinna eftir við höfnina á Akranesi, en gert er ráð fyrir að ljúka henni að mestu fyrir áramót.